

121

27. okt.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Suðurfjarðahrepps«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. október 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Ekkna- og munaðarleysingjasjóð Suðurfjarðahrepps.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Pjetri skipstjóra Björnssyni, Hvítabandsdeildinni á Bildudal og samskotum einstakra manna ár 1897 með krónum 808 00, þá ætlaður til styrktar ekkjum og börnum druknaðra manna í Vestur-Barðastrandarsýslu. Síðan hefir sjóðurinn stækkað svo, að hann við árslok 1908 var með viðlögðum vöxtum orðinn krónur 4383.27, sem þá var skift í tvær deildir, og hlaut Suðurfjarða- og Dalahreppur í sameiningu krónur 2456 63.

2. gr.

Árið 1912 var sjóðnum skift í tvær deildir milli Suðurfjarða- og Dalahrepps eftir rjettu hlutfalli, miðað við, hve mikið lagt hefir verið í sjóðinn í hverjum hreppi, og hlaut Suðurfjarðahreppur í sinn hlut krónur 1506.31. Hver hreppur hefir fjárráð út af fyrir sig, og stjórnast deild Suðurfjarðahrepps samkvæmt skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Aðalfundur skal haldinn ár hvert á tímabilinu 1.—10. mars, og gjalddagi styrktarmanna sje 1. mars eða ekki síðar en á aðalfundi.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, og skal 1 kosinn á næsta almennum hreppsfundi eftir aðalfund; hina 2 kjósa styrktarmenn sjóðsins á aðalfundi; en fækki styrktarmönnum sjóðsins svo, að þeir verði færri en 10, kjósa hreppsbúar 2, en fækki styrktarmönnum úr 5, kjósa hreppsbúar alla stjórnina. Með hverjum aðalmanni skal kosinn 1 varamaður. Kjörtímabilið er 3 ár, en árlega gengur einn úr stjórninni, og fyrstu 2 árin skal hún varpa hlutkesti um, hver gangi úr.

Kosningarrjett og kjörgengi hefir hver styrktarmaður, sem hefir goldið árstíllag sitt á aðalfundi.

Stjórnin skifti með sjer störfum þannig; að einn er formaður, annar fje-hirðir og þriðji ritari.

Formaður heldur með meðstjórnendum fund í febrúarmánuði ár hvert, til að ræða málefni sjóðsins og úthluta styrk, ef þurfa þykir; formaður boðar einnig til annara funda og annast allar aðalframkvæmdir sjóðsins. 121
27. okt.

Fjehirðir annast allar inn- og útborganir eftir fyrirsögn formanns, og semur glöggan ársreikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins fyrir hvert næst umliðið ár, og leggur hann fyrir meðstjórnendum sína á ársfundi.

Ritari annast allar brjefaskriftir og önnur ritstörf í samráði við formann. Enginn er skyldur að taka við endurkosningu í stjórnina, og getur skorast undan kosning í næstu 3 ár.

Stjórn sjóðsins skal skylt að afhenda hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps vottorð um fjölda atkvæðisbærra styrktarmanna sjóðsins að afstöðnum aðalfundi ár hvert.

4 gr.

Ársreikning sjóðsins skal endurskoða af 2 mönnum, er hreppsnefnd kýs til þess, og sje endurskoðuninni lokið fyrir 20. febr., og liggi svo reikningurinn frammi til aðalfundar.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, heldur skal hann aukinn með vöxtum, tillögum frá styrktarmönnum, gjöfum eða öðrum tekjum, er sjóðnum kann að hlotnast, að svo miklu leyti, sem fje þessu er ekki varið til nauðsynlegra útgjalda, sbr. 7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum tryggum sjóðum.

6. gr.

Góðir og gildir styrktarmenn sjóðsins með fullum rjettindum eru þeir, sem árlega borga tillag sitt, minst 2 kr., á rjettum gjalddaga, og þeir, sem í eitt skifti fyrir öll borga að minsta kosti fimtíu krónur, og teljast þeir æfilangt atkvæðisbærir styrktarmenn.

7. gr.

Vöxtum og styrktarfje því, er kemur til úthlutunar, skal skift í upphæðir, er nemi minst tuttugu og fimm krónum.

Á meðan höfuðstóll sjóðsins er fyrir innan 8 — átta — þúsund krónur að upphæð, má ekki veita meiri styrk úr sjóðnum en sem svari $\frac{3}{4}$ af árlegum tekjum hans, frá því er styrk var útbýtt næst áður, að meðtöldu því, er varið kann að verða til annara nauðsynlegra útgjalda fyrir sjóðinn. Að öðru leyti skal það á valdi stjórnenda, hve miklu af tekjunum er útbýtt. Árstekjur teljast;

121 vextir af höfuðstólnum, tillög styrktarmanna og sú upphæð, er sjóðnum kynni 27. okt. að áskotnast í því skyni, að árstekjurnar auk vaxta nemi 100 krónum.

8. gr.

Styrkurinn skal aðallega veittur fátækum ekkjum og munaðarlausum börnum í Suðurfjarðahreppi. Hafi dáiinn styrktarmaður ekki látið eftir sig ekkju eða barn, er styrk þarfnast, má veita styrk fátæku foreldri hans eða systkini eða einhverjum öðrum, hafi hann gert skriflega ráð fyrir því. Við úthlutun styrksins skal þess gætt, að ekkjur og börn styrktarmanna gangi fyrir, og taka nákvæmt tillit til efnahags og ástæðna styrkþiggjenda, og hve mikið og skilvislega hinn dái hafi lagt í sjóðinn. Styrksins geta ei aðrir notið en þeir, sem lögheimili eiga í hreppnum. Eigi má veita styrk þeim, sem er á sveit nje stendur í sveitarskuld, nema styrkurinn í það skifti nægi til að borga skuldina.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, þá er sjóðurinn er orðinn 8 — átta — þúsund krónur, þó svo að ekkjur og munaðarleysingjar njóti vaxta af að minsta kosti fimm þúsund krónum, en vöxtum af því, sem þar er fram yfir, og öðrum tekjum má þá verja til að styrkja gagnleg fyrirtæki í hreppnum eftir nánari ákvörðun í væntanlegri skipulagsskrá; þó skal að minsta kosti $\frac{1}{8}$ hluti af árs-tekjunum leggjast við höfuðstólinn.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Bildudal, 3. apríl 1915.

Bjarni Loftsson. *Á. Júl. Nikulásson.*

Jón S. Bjarnason.